

Mennta- og barnamálaráðuneyti
Sölvhólsgrata 4
101 Reykjavík

EFNI: UMSÖGN VIÐ FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á ÝMSUM LÖGUM Í ÞÁGU BARNA (SAMÞÆTTING ÞJÓNUSTU, SNEMMTÆKUR STUÐNINGUR O.FL).

UMFÍ tekur heilshugar undir allt það sem bætir farsæld og velferð barna og ungmenna og veitir þeim aukin tækifæri til þátttöku. Allar opnar dyr eru til þess fallnar að bæta mannlífið, bæði í heild og einstaklingana. Farsældin er gott leiðarljós. Við viljum vekja sérstaka athygli á 40. og 41. greinum frumvarps laganna. Þar segir í umritun:

UM 40. GREIN

Lagt er til að við markmiðsákvæði íþróttalaga bætist ný málsgrein sem fjallar sérstaklega um markmið íþróttastarfs með börnum. Tilkoma laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna felur í sér breytta nálgun og áhersla lögð á samfellu og samþættingu í þjónustu með það að markmiði að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Það á bæði við í málum tiltekinna barna og við almenna stefnumótun.

Sérstaka athygli vekjum við á eftirfarandi: Mikilvægt er að innan íþróttahreyfingarinnar sé unnið að þessum markmiðum enda ljóst að til þess að unnt sé að skapa heildarsýn og samfellu í þjónustu í þágu barna þurfa allir aðilar að vinna að sama markmiði.

UM 41. GREIN

Lagt er til að við ákvæði íþróttalaga bætist ný grein, 17. gr., þar sem áréttuð er sérstök skylda aðila sem starfa á grundvelli laganna til að fylgjast með og bregðast við þörfum barna. Ákvæðið er sambærilegt ákvæði 14. gr. laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

LAUSNIN FELST Í EFLINGU ÍPRÓTTAHÉRAÐA

Um leið og við hjá UMFÍ tökum undir þessi markmið og breytingar þá leggjum við áherslu á að samhliða þessum breytingum þurfa að fylgja tól og tæki til þess að ná að uppfylla markmið, kröfur og skyldur. UMFÍ leggur áherslu á að lausn sé fólgin í aðkomu íþróttahéraða til að bæta og jafna farsæld barna um allt land.

Íþróttahéruðin eru nú 25 og skiptast þau í sjö íþróttabandalög og átján héraðssambönd. Sýn okkar er að styrkja þarf starfsemi íþróttahéraða. Efla þau og skerpa á hlutverki þeirra svo þau geti veitt betri og samræmdari þjónustu um allt land með skýrari og skarpari boðleiðum. Það styrkir nærsamfélag héraðanna sjálfra og stuðlar að bættu starfsumhverfi sjálfbodaliða og starfsmanna. Það mun síðan verða til hagsbóta fyrir iðkendur og þar með íþróttalífið í landinu, sérstaklega barna og ungmenna.

Íþróttahéruðin eru ekki bundin við einstök félög eða deildir íþróttafélaga heldur sjálfstæðar einingar sem geta gegnt hlutverki stefnumótunar- og samræmingaraðila auk þess að hafa umsjón með eftirfylgni stefnumótandi verkefna.

Efling íþróttahéraða er jafnframt í samræmi við stefnu mennta- og barnamálaráðuneytis í málaflokknum. Að mati okkar hjá UMFÍ er þetta sterkasta og árangursríkasta leiðin til að ná markmiði laga í þágu barna.

Við vitum að íþróttir og ástundun í skipulögðu starfi er lýðheilsumál. Íþróttaiðkun býr þau undir áskoranir lífsins og við sjáum í íslenskum rannsóknum að börn sem stunda skipulagt íþróttastarf líður betur bæði andlega og líkamlega en þeim börnum sem ekki taka þátt. Í íþróttum læra börnin að setja sér markmið, vinna undir álagi og vinna með bæði gleði og sorgir. Íþróttir byggja því upp seiglu.

Við vitum að mikil ábyrgð hvílir því á íþróttafélögum landsins en þau eru um 500 talsins og mjög mismunandi starfsemi innan þeirra. Sterk íþróttahéruð í sínu nærsamfélagi, óháð íþróttagrein eða félagi, geta miðlað málum, opnað dyr, tryggt að sem flest börn fái tækifæri til að vaxa og dafna um allt land og tekið þátt á sínum forsendum.

SAMAN ERUM VIÐ ÖLL BETRI

Ungmennafélag Íslands, skammstafað UMFÍ, er landssamband ungmennafélaga og sjálfstæð félagasamtök skv. íþróttalögum. UMFÍ var stofnað í ágúst árið 1907.

Sambandsaðilar UMFÍ eru 27 talsins sem skiptast í 22 íþróttahéruð og 5 ungmennafélög með beina aðild. Alls eru um 480 félög innan UMFÍ. Stór meirihluti félagsmanna eru börn og ungmenni og því lykilatriði að tryggja að sem flest börn fái

tækifæri til að blómstra. Forsvarsfólk UMFÍ er reiðubúið til frekari útskýringa og aðstoðar á fleiri stigum málsins ef þess er óskað.

Með ungmennafélagskveðju,



Auður Inga Þorsteinsdóttir

framkvæmdastjóri UMFÍ